

Ársskýrsla Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar árið 2020



## Inngangur

Nýr slökkviliðsstjóri Sigurður A. Jónsson kom til starfa í byrjun árs og tók við af Þorbirni J. Sveinssyni. Þorbjörn starfaði í 34 ár hjá Ísafjarðarbæ sem slökkviliðstjóri. Honum eru færðar miklar þakkir fyrir sín störf.

Fastráðnir starfmenn eru fjórir sem sinna öllum störfum á slökkvistöð milli kl. 8 og 16, s.s. sjúkraflutningum, slökkviútköllum, eldvarnaeftirliti, slökkvitækjaþjónustu auk þess að skipuleggja æfingar/endurmenntun fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn og hin ýmsu störf.

Hlutastarfandi slökkviliðsmenn eru 62. Starfandi sjúkraflutningsmenn eru 16.

Vettvangsliðar í Súðavík, Suðureyri og á Flateyri eru 12.

Starfsstöðvar slökkviliðs eru fjórar, Ísafjörður, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Starfsstöðvar sjúkrabíla eru tvær, á Ísafirði og á Þingeyri.

Bólusetning vegna Covid-19 fer fram fljótlega á nýju ári fyrir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn, sem samkvæmt heilbrigðisráðherra eru á forgangslista.

**Stefna Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar er að slökkviliðið sé alltaf tilbúið að breyta, bæta og skipta um kúrs við mismunandi verkefni. Við erum björgunarlið fyrir bæjarbúa og gesti, okkar kerfi verður að standast allt álag. Slökkviliðið er alltaf tilbúið til útkalla.**

## Almannavarnir

Í janúar féllu snjóflóð á Flateyri og í Súgandafirði.

Almannavarnanefnd var kölluð saman og aðgerðastjórn virkjuð og voru að störfum meira og minna í eina viku. Allan sólarhringinn fyrst en svo dró úr starfi aðgerðarstjórnar þegar leið á vikuna. Varðskipið Þór var hér í höfn og var ræst út til aðstoðar og spilaði Vs. Þór stóran þátt í þessum aðgerðum. Slökkvilið þakkar Landhelgisgæslu og sérstaklega áhöfn varðskipsins fyrir gott samstarf. Slökkvilið sendi menn á Flateyri með Vs. Þór sem bakstuðning við annað björgunarlið á staðnum.

Skipulagðir fundir almannavarnanefndar voru 5 á árinu, og sjaldan verið fleiri á einu ári.

Sameinuð almannavarnanefnd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps vann mikið og náið saman á árinu. Eftir sameiningu nefndanna hefur náðst fram hagræðing á mörgum sviðum og stytting boðleiða. Formaður almannavarnanefndar í Bolungarvík var tekinn inn í aðgerðastjórn þegar Covid-19 verkefnin komu inná okkar borð. Samstarf á milli þessara tveggja nefnda gekk mjög vel.

Íbúafundir í Súðavík, Suðureyri og á Flateyri voru haldnir í samráði við Almannavarnir strax í janúar, farið var yfir fyrstu viðbrögð eftir snjóflóðin og hvað þyrfti að gera í framtíðinni. Enn í dag er verið að rita skýrslur sem segir til um umfang þessara atburða, sem voru stórir á alla vegu. Í nóvember voru aftur íbúafundir á Flateyri, í þetta sinn í gegnum fjarfundabúnað með aðkomu Ofanflóðasjóðs, Veðurstofu og Vegagerðar.

Aðvörunarljós og skilti eru komin upp við hafnir Flateyrar og Suðureyrar. Þegar kveikt er á þessum ljósum má enginn vera á ferð á hafnarsvæðunum. Lögreglan ræsir búnaðinn að beiðni Veðurstofu/snjóflóðavaktar eftir þörfum.

Búnaður Almanna- og Almannavarna var uppfærður í kjölfarið á snjóflóðunum. Keypt voru inn stór sjónvörp, skjávarpi og frekari búnaður sem þarf að vera til í stjórnstöð. Einnig var aðstaðan máluð. Núna er hægt að vinna með margar sviðsmyndir á skjá í einu

**Slökkvistöðin** er komin til ára sinna og mikil þörf er á nýju húsnæði sem uppfyllir kröfur nútímans. Helst vantar stærri bílageymslu, búnings og það aðstöðu fyrir bæði kynin. Krafa nútímans er að bílageymsla sé aðskilin frá allri annarri starfsemi á stöðinni, húsnæði skipt í hreint og óhreint svæði. Þarfagreining og skipulags vinna við nýja stöð er í ferli hjá skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar.

Sérstaklega var fundað um hvort að Almanna- og Almannavarnir gætu farið í annað húsnæði. Fundar- aðstaða og stjórnstöð aðgerðastjórnar á slökkvistöð uppfyllir ekki lengur kröfur eða reglugerðir frá m.a. Vinnueftirliti.

## Heimsfaraldur Covid-19

Heimsfaraldur Covid-19 byrjaði með látum á okkar svæði í mars og náði hámarki um páskana. Síðan þá hefur þetta verkefni verið meira og minna inni á okkar borði eins og hjá öllum sjúkraflutningsaðilum á landinu. Innleiða þurfti nýtt vinnuskipulag og aðrar aðferðir hjá okkur nánast á einni nóttu. Var slökkvistöð og starfsmönnum skipt upp í sóttvarnarhólf og unnið var heima aðra hvora viku, aðgengi að slökkvistöð var hert og þannig er það enn í dag. Mikið var keypt af sóttþreinsivökva, úðagræjum til sóttþreinsunar á sjúkrabílum. Sett var á fót sérstakt þrifagengi sem var tilbúið til útkalla dag og nótt. Sjúkrabíl var breytt í Covid sjúkrabíl, allt plastað að innan og lokað á milli rýma. Allt gert til að auðvelda þrif og minnka líkur á að veira færi í búnaðinn í bílnum.

Sjúklingar voru fluttir úr sveitarfélaginu bæði með flugvél og þyrlu. Sérstakt flutningshylki var notað til þessara flutninga. Vitneskja í byrjun var ekki mikil um Covid-19, allar okkar vinnuaðferðir voru teknar upp frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Slökkviliði Akureyrar, þessi slökkvilið eiga miklar þakkar skildar fyrir veitta aðstoð. Í dag erum við að nota sömu verkferla og í byrjun faraldurs og hefur gengið vel, enginn af starfsmönnum slökkviliðs hefur sýkst eða þurft að fara í einangrun, en stöku sinnum í úrvinnslusóttkví.

Starfræktur var líkflutningabíll sem Heilbrigðisstofnun Vestfjarða tók á leigu. Kallaðir voru inn til starfa reynslumiklir slökkviliðsmenn til að annast þennan bíl og þessa flutninga. Sér bílageymsla var útbúin fyrir þennan bíl.

Covid-19 sýnatökubíll sem Heilbrigðisstofnun Vestfjarða var með í sinni þjónustu kom á slökkvistöð í sóttþreinsun daglega.

Í desember er Covid-19 veiran ennþá til staðar með samkomutakmörkunum og gerði hún áramótabrennum skráveifu. Ísafjarðarbær í samráði við heilbrigðiseftirlit, slökkvilið, lögreglu og sóttvarnarlækni aflýsti öllum brennum í sveitarfélaginu.

## Slökkvilið

Enginn stórbruni var á starfssvæði slökkviliðs á árinu.

Brunavarnaráætlun Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar var samþykkt af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og í bæjarráði Ísafjarðarbæjar. Áætlunin gildir frá 2020 til 2025.

Slökkvilið kom að gerð viðbragðsáætlunar fyrir Dýrafjarðargöng og átti mjög gott samstarf við Vegagerð í því verkefni.

Starfsdagur slökkviliðs fór fram á haustdögum og tókst með ágætum. Nokkur stór verkefni bíða næsta árs ásamt áframhaldandi uppbyggingu á slökkviliði.

Ísafjarðarbær og slökkvilið gerðu samning við Eldvarnarbandalagið um innri eldvarnir hjá stofnunum bæjarins. Vegna Covid-19 þá hefur þessi samningur ekki tekið gildi að fullu leyti, en stefnt er að námskeiðum á nýju ári.

12 slökkviliðsmenn tóku í sumar meirapróf ökumanna. Allir bílar slökkviliðs eru meiraprófsbílar.

Slökkviliðsstjóri sótti námskeið á vegum Bláa skjaldarins og Byggðasafns Vestfjarða vegna hugsanlegs vatnstjóns og eða bruna í húsnæðum safna bæjarins. Mikil menningarverðmæti eru til staðar á söfnum bæjarins og skiptir máli hvernig björgun fer fram.

Slökkviliðsstjóri/bakvaktarmaður slökkviliðs er skilgreindur meira inni í kerfi Neyðarlínu. Slökkvilið er með vöktun á brunaviðvörðunarkerfum hjá stofnunum bæjarins og fyrirtækjum í bænum. Samningar um vöktun brunaviðvörðunarkerfa voru endurnýjaðir og uppfærðir. Fleiri fyrirtæki koma til slökkviliðs í vöktun.

Útkallskerfi slökkviliðs var einfaldað og gert skilvirkara fyrir Neyðarlínu 112. Slökkviliðinu var skipt upp í tvo útkallshópa.

Tjörureinsi var skipt út fyrir sápu og fljótandi bón, sem er gott skref bæði fyrir umhverfið og bílana. Keypt var háþrýstidæla fyrir slökkvistöðvarnar á Ísafirði og Þingeyri.

Mánaðarlegar slökkviliðsæfingar voru haldnar með mismunandi verkefnum.

Æfingar á útstöðvum voru líka nokkrar, sérstaklega eftir að nýir slökkvibílar voru teknir í notkun.

Vikulegar þrekæfingar undir stjórn þjálfara voru í sumar og haust. Verða þær teknar upp aftur þegar að Covid-19 leyfir. Mikil ánægja er með Karen Gísladóttur íþróttþjálfarann okkar, hún á þakkir skildar fyrir allar æfingarnar.

Læknisskoðun fór fram á haustdögum undir stjórn hjartalækis. Í reglugerð fyrir slökkvilið er þetta árleg skylda. Þrekprófi var frestað til næsta árs vegna Covid-19.

Sumarið 2020 voru helgarvaktir slökkviliðs staðnar, samtals níu vaktir frá föstudögum kl. 16 til kl. 8 á mánudagsmorgni. Fimm slökkviliðsmenn stóðu vaktina og voru til taks ef að til útkalls kæmi. Slökkvilið Ísafjarðarbæjar er með bakstuðning við allar okkar útstöðvar, einnig slökkvilið Súðavíkur og Isavia samkvæmt samningi.

**Öryggishnappadeild** slökkviliðs verður lögð niður 1.febrúar 2021. Öllum starfsmönnum hefur verið sagt upp störfum. Miklar tækninýjungar eru til staðar á þessu sviði, en stefna Ísafjarðarbæjar er að hætta alfarið afskiptum af þessari vöktun.

**Slökkvitækjapjónusta** er rekin á slökkvistöð. Þar eru seld og yfirfarin slökkvitæki, reykskynjarar og allt sem þarf fyrir eldvarnir. Starfsleyfi er gefið út af Húsnæðis og Mannvirkjastofnun og gildir það út árið 2024. Mikið magn af slökkvitækjum koma inn til skoðunar á hverju ári.

**Eldvarnareftirlit** var starfrækt með mjög breyttu skipulagi vegna Covid-19. Við fyrirtækjaheimsóknir tekur eldvarnareftirlit mið af vinnureglum frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðis. Megnið af vinnunni er eingöngu rafræn í þessu ástandi, en lokaúttektir og nýskoðanir eru framkvæmdar.

Undirritaður var samningur við Súðavík vegna brunaútkalla í öllum Súðavíkurhreppi. Neyðarlína 112 boðar út bæði slökkviliðin í einu, mikill tímasparnaður. Einnig var svipaður samningur gerður við Isavia ohf. á Ísafjarðarflugvelli um gagnkvæma aðstoð þegar að slökkviliðsstjórar meta það svo.

Gjaldskrá uppfærð og nokkrum liðum bætt við hana. Aksturs- og förgunargjald er t.d. tekið upp í nýrri gjaldskrá en mjög mikið magn af gömlum slökkvitækjum koma inn til okkar á hverju ári. Er þessi hækkun á gjaldskrá í samræmi við önnur slökkvilið í landinu og lífskjarasamninga atvinnulífsins.

Ljósabúnaður slökkvibíla var endurbættur. Merkingar á slökkvibíla voru keyptar inn og verða settar á í byrjun árs 2021. Þessar merkingar eru samkvæmt Evrópureglugerð. Búnaður í bílnum og á slökkvistöð var endurnýjaður til að lengja endingu rafgeyma.

Handverkfæri slökkviliðs uppfærð. Miklar nýjungar eru í batterídrifnum verkfærum og geta batterí farið á milli verkfæra og ljósa.

Nýr slökkvibíll fyrir Ísafjörð, af gerðinni Iveco Daily 4x4 er væntanlegur í byrjun árs, mjög öflugur alhliða slökkvi og björgunarbíll með One-Seven slökkvikerfi. Þessi bíll kemur fullbúinn til landsins. Þessu samhliða verður slökkvibíll á Suðureyri skipt út. Þá fer öflugur Benz 4X4 slökkvibíll frá Ísafirði til Suðureyrar.

## Nýir slökkvibílar/björgunarbílar

### Nýr slökkvibíll á Flateyri

Fenginn var **Ford 550 4X4 árgæð 2019**, með öllum nauðsynlegum búnaði, 2100 l af vatni og 100 l af froðu er á bílnum. Bíllinn er smíðaður í Póllandi. Mjög mikil lyftistöng í öryggisbúnaði fyrir alla Flateyringa og ferðamenn sem eiga leið um svæðið. Þessi nýi bíll leysir af hólmi tvo gamla slökkvibíla; Land-Rover árgæð 1965 sem fór á slökkviliðssafn í Reykjanesbæ og Bedford árgæð 1965, sem var seldur. Aldrei áður hefur nýr slökkvibíll komið á Flateyri.

Frekari stuðningur við slökkvilið er slökkvikerra með öllum búnaði. Slökkvistöð á Flateyri var seld á árinu, slökkvilið er með aðstöðu í nýuppgerðu húsnæði hjá björgunarsveitinni Sæbjörgu.

### Nýr slökkvibíll á Þingeyri

Á haustdögum var tekinn í notkun nýr slökkvibíll á Þingeyri af gerðinni **Ford 550 4X4 árgæð 2020** með One-Seven slökkvikerfi, mjög öflugur björgunarbíll. Bíllinn er smíðaður í Póllandi. Þessi bíll er t.d. með vatnsbyssu, björgunar-spili og hitamyndavél að framan. Í þessum bíl er 1500 l af vatni og 130 l af froðu. Þetta er fyrsta sinn sem nýr slökkvibíll kemur á Þingeyri. Þessi bíll leysir af hólmi Ford 8000 árgæð 1979 sem fer á slökkviliðssafn í Reykjanesbæ.

**Vegagerðin** styrkir slökkvilið rausnarlega við innkaup á nýjum slökkvibílum, við innkaupin var miðað við að þeir gætu athafnað sig inni í jarðgöngum. Slökkvilið þakkar Vegagerðinni sérstaklega fyrir þeirra framlag til björgunarmála.

Skoðunarferð og æfing var haldin rétt fyrir opnun á Dýrafjarðargöngum. Allt var skoðað og öll rými opnuð. Nýr slökkvibíll á Þingeyri er fyrstur upp að göngum við óhapp, honum til aðstoðar er sjúkrabíll frá Þingeyri og aukinn styrkur sendur frá Ísafirði. Ef um eld er að ræða þá fer vatnstankbíll frá Þingeyri upp í göng. Ekkert slökkvivatn er í göngunum.

## Samgöngumannvirki

Á starfssvæði Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar eru fern jarðgöng:

Arnarneshamar, lengd 30 m, opnuð 1948.

Breiðadals- og Botnsheiðargöng, lengd 9,1 km, opnuð 1996.

Bolungarvíkurgöng, lengd 5,4 km, opnuð 2010.

Dýrafjarðargöng, lengd 5,6 km, opnuð 2020.

Samtals 21 km í jarðgöngum á svæði Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar.

## Útköll slökkviliðs

Útköll slökkviliðs voru 28 á árinu 2020:

F-1. hæsta forgangi: 4 útköll

F-2. forgangur: 7 útköll

F-3. útkall án forgangs: 17 útköll

Meðal verkefna slökkviliðs á árinu voru:

Brunaviðvörunarkerfi.

Dæling úr skipum/bátum.

Vatnslekar í heimahúsum og fyrirtækjum.

Gróðureldar.

Eldur utandyra í rusli.

Aðstoð við hreinsun/losun á olíu. Að vera til staðar fyrir mengunarvarnir. Hreinsun á götum eða gangstéttum eftir umferðaslys.

## Sjúkrabílar

Samningur um sjúkraflutninga á svæði Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða var undirritaður í september og gildir samningurinn út árið 2024. Samningurinn er upp á 350 flutninga á ári. Sjúkraflutningum hefur farið fjölgandi undanfarin ár.

Algjör forsenda fyrir öflugum sjúkraflutningum er að hafa samning í gildi við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Slökkviliðið þakkar Gylfa forstjóra og Hrannari fjármálastjóra stofnunarinnar fyrir þeirra framtíðarsýn og að treysta slökkviliði fyrir þessu mikilvæga verkefni.

Nýr sjúkrabíll kom á Ísafjörð í október. Benz Sprinter 4x4 gulur að lit eins og Evrópu reglugerð segir til um. Tveir notaðir sjúkrabílar komu á Ísafjörð í nóvember/desember og eru þá þrír sjúkrabílar á Ísafirði. Notaður sjúkrabíll fór á Þingeyri, Benz Sprinter 4x4. Þá voru aflagðir Ford Econoline sjúkrabílar sem hafa staðið vaktina undanfarin ár bæði á Ísafirði og Þingeyri. Ford Econoline sjúkrabílar uppfylla ekki skilyrði til sjúkraflutninga lengur, eyða of miklu eldsneyti, of mikill hávaði og vinnurými uppfyllir ekki reglugerð.

Við Covid-19 flutninga þar sem sérstakt flutningshylki var notað, kom í ljós að okkar sjúkrabílar voru of stuttir fyrir þennan búnað. Rætt var við Rauða Kross um endurnýjun á sjúkrabílum sem hefur skilað sér í nýjum sjúkrabíl og tveimur notuðum sjúkrabílum eins og áður segir.

## Fjöldi útkalla sjúkrabíla

Heildarfjöldi á árinu var 318 útköll.

- Sjúkrabíll: 101, 290 útköll
- Sjúkrabíll: 102, 26 útköll
- Þingeyri: 101, 2 útköll

Útköll í hæsta forgangi, F-1: 51 flutningar.

Útköll í forgangi F-2: 45 flutningar.

Almennir flutningar í F-3 og F-4: 222 flutningar.

Sjúkrabíll 103 er komin til Ísafjarðar, en einungis hafa verið tiltækir tveir sjúkrabílar hjá slökkviliðinu undanfarin ár.

Læknar frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða koma í F-1 og F-2 útköll. Slökkvilið þakkar læknum á Heilbrigðisstofnun fyrir þeirra framlag til sjúkraflutninga á árinu.

Endurbætt og uppfært skráningaform útkalls vegna sjúkraflutninga verður tekið í notkun á nýju ári.

Endurmenntun sjúkraflutningsmanna og vettvangsliða er í höndum lækna Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og sjúkraflutningsmanna á Ísafirði.

Undarfarin ár hefur krafan um aukna menntun sjúkraflutningsmanna orðið meiri sem og endurmenntun.

Sjúkraflutningsnámskeið EMT-B var haldið á Ísafirði á vormánuðum og sóttu það fimm einstaklingar, þrír frá Þingeyri og tveir frá Ísafirði. Verklegt nám hjá þessum nimum er ekki auðvelt vegna Covid, lokað er fyrir allt verknám í Reykjavík og Akureyri. Þau munu vonandi öll útskrifast á vordögum.

Vettvangsliðar voru menntaðir hjá okkur og tóku þeir til starfa í október mánuði. Þeir eru staðsettir í Súðavík, Suðureyri og Flateyri. Vettvangsliðar eru ræstir út sem fyrsta viðbragð í heimabyggð. Þeim til stuðnings er björgunarsveit á staðnum og sjúkrabíll frá Ísafirði auk vakthafandi læknis á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í gegnum síma/myndsímtal.

Öll útköll hjá slökkviliði, sjúkrabíl og vettvangsliðum fara í gegnum Neyðarlínu 112.



## Lokaorð

Þetta er síðasta árið sem ársskýrsla Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar kemur út á prenti. Hún verður aðgengileg á heimasíðu Ísafjarðarbæjar. Þeir sem óska eftir að fá skýrsluna senda í tölvupósti geta fengið hana senda á PDF-formi.

Slökkviliðsstjóri fyrir hönd Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar þakkar þeim fjölmörgu sem komu að björgunaraðgerðum á árinu sem er að líða.

**Sigurður A. Jónsson slökkviliðsstjóri Ísafjarðarbæjar.**

**Nýr slökkvibíll fyrir Ísafjörð.**

